

Nefndasvið Alþingis,
Umhverfis- og samgöngunefnd
Alþingi v/Austurvöll
150 REYKJAVÍK

Garðabær, 07. apríl 2016
2016030018/42-1-3

TB
jgo/tb

Tillaga til þingsályktunar um mótun stefnu stjórnvalda um flokkun, vernd og skráningu ræktunarlands, 102. mál.


Vísað er til bréfs/tölvupósts frá umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis, dags. 16. mars sl., þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um tillögu til þingsályktunar um mótun stefnu stjórnvalda um flokkun, vernd og skráningu ræktunarlands, 102. mál.

Náttúrufræðistofnun telur að vernd og skráning ræktunarlands sé nauðsynlegur hluti af því að skipuleggja skynsamlega landnýtingu bæði með tilliti til margs konar ræktunar þ.m.t til dæmis skógræktar og svo náttúruverndar. Margt af því landi sem getur nýst til ræktunar getur einnig verið mikilvægt út frá sjónarmiðum náttúruverndar m.a vernd líffræðilegrar fjölbreytni. Náttúrufræðistofnun bendir á að á þessu ári mun stofnunin birta fyrstu vistgerðarkort af landinu og mun það auðvelda að greina mismunandi landnotkunarkosti og náttúrufar og auðvelda þannig flokkun lands m.t.t. vendar og nýtingar. Náttúrufræðistofnun telur að við val á landi til ýmiskonar ræktunar s.s. fæðuframleiðslu, skógræktar/bindingu gróðurhúsalofttegunda og t.d. framleiðslu orkugjafa verður að taka tillit til verndar líffræðilegrar fjölbreytni s.s. með því að vernda tiltekin búsvæði dýra og plöntutegunda.

Virðingarfyllst



Jón Gunnar Ottósson
forstóri



Trausti Baldursson

